



**Stjórnarfundur haldinn 27. nóv. 2003 kl:18:00**

**Mættir: Einar, Þórður, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar lá frammi.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá ÍSÍ/slysatryggingar barna.

Bréf frá UMFÍ/umsókn um unglíngalandsmót 2004.

Bréf frá UMFÍ/kynningarbréf vegna þátttöku eldra fólks á Landsmóti UMFÍ 2004.

Bréf frá Hrannari Hólmi formanni körfuknattleiksdeildar/ósk um að aðalstjórn sendi formann félagsins með í ferðina til Portúgals þann 15.-19. des. 2004. Ákveðið er að senda formann félagsins með í þessa ferð.

**3. Send bréf.**

Engin.

**4. Jólblað Keflavíkur.**

Einar sagði frá því að auglýsingasöfnun gengi vel. Deildir væru frekar seinar að skila inn greinum í blaðið. Áætlað er að blaðið fari í dreifingu 10.-12. desember 2003. Körfuknattleiksdeildin (meistaraflokkur karla) sér um dreifinguna.

**5. Önnur mál.**

Einar sagði frá því að brotist hefði verið inn í félagsheimili okkar aðfaranótt laugardags 29. nóv og er það í annað sinn á stuttum tíma sem farið er inn, í fyrra skiptið var engu stolið en í síðari innbrotinu var reynt að taka skjávarpann en það tókst ekki. Innbrotspjófurinn náði hins vegar að taka með sér nýja dvd spilarann. Í báðum innbrotunum fór þjófavarnarkerfið á stað og hefur það komið í veg fyrir frekari stuld. Ákveðið í framhaldi þessara innbrota að efla enn frekar öryggiskerfi húsins.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:15.